

# Lög

## um breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Breytingar á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

1. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Stofn til iðgjalds til A-deildar sjóðsins skal vera hinn sami og kveðið er á um í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

- Orðin „annarra launagreiðenda en ríkissjóðs“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
- Á eftir orðunum „ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: skv. 1. mgr.
- Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að semja um iðgjaldagreiðslur frá launagreiðendum umfram iðgjald þeirra skv. 23. gr. til þess að mæta framtíðarskuldbindingum, sbr. 1. mgr. Iðgjald hvers launagreiðanda samkvæmt þessu skal miða við að núvirði framtíðariðgjalda hans til B-deildar samsvari framtíðarskuldbindingunum eins og þær eru samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Á sama hátt er stjórn sjóðsins heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að taka við skuldabréfi til greiðslu á framtíðarskuldbindingum skv. 1. mgr. vegna sjóðfélaga sem eiga aðild að sjóðnum samkvæmt heimild í 2. mgr. 30. gr., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Uppgjör þetta skal miða við tryggingafræðilegt mat á framtíðarskuldbindingunum miðað við uppgjörstag. Launagreiðandi, sem gerir upp framtíðarskuldbindingar sínar samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum B-deildar sjóðsins skv. 1. mgr. vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til.

Sjóðnum er heimilt að taka við sérstöku iðgjaldi sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem greiða til B-deildar sjóðsins, ákveða að greiða sem hluta af endurgreiðslu sinni skv. 1. mgr. Iðgjald þetta skal ákveðið þannig að það ásamt iðgjaldi til deildarinnar skv. 1. og 3. mgr. 23. gr. sé jafnhátt og iðgjald til A-deildar sjóðsins eins og það er ákveðið skv. 4. mgr. 13. gr., sbr. og ákvæði til bráðabirgða II. Tekjur sjóðsins af sérstöku iðgjaldi ár hvert skulu dragast frá endurgreiðslum launagreiðenda vegna hækkana á lífeyri skv. 1. mgr. eða óuppgerðum skuldbindingum þeirra vegna.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. laganna bætist svohljóðandi málsliður: Fjármálaráðherra getur einnig ákveðið að stofnanir sem fá framlög í fjárlögum greiði til B-deildar sjóðsins viðbótariðgjald, 9,5% af iðgjaldsstofni, og skulu tekjur sjóðsins af viðbótariðgjaldinu ár hvert dragast frá endurgreiðslu ríkissjóðs vegna hækkana á lífeyri skv. 1. mgr. 33. gr.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er að fengnu samþykki fjármálaráðherra heimilt að semja um iðgjald frá launagreiðendum til viðbótar við iðgjald þeirra skv. 23. gr. til lúkningar á nýjum skuldbindingum skv. 1. mgr. 33. gr. Launagreiðandi, sem greiðir viðbótariðgjald samkvæmt þessari grein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum B-deildar sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem viðbótariðgjald er greitt fyrir.

*Breytingar á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.*

4. gr.

Við 20. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að taka við skuldabréfi til greiðslu á áföllum skuldbindingum skv. 1. mgr., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Skuldbindingin sem gerð er upp skal byggð á tryggingafræðilegu mati miðað við uppgjörstag. Launagreiðandi sem gert hefur upp skuldbindingu sína með útgáfu skuldabréfs samkvæmt þessari málsgrein ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins skv. 1. mgr. vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjorið tekur til.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að semja um iðgjaldagreiðslur frá launagreiðendum umfram iðgjald þeirra skv. 7. gr. til þess að mæta framtíðarskuldbindingum, sbr. 1. mgr. Iðgjald hvers launagreiðanda samkvæmt þessu skal miða við að núvirði framtíðariðgjalda hans til B-deildar samsvari framtíðarskuldbindingunum eins og þær eru samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Á sama hátt er stjórn sjóðsins heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra að taka við skuldabréfi til greiðslu á framtíðarskuldbindingum skv. 1. mgr. vegna sjóðfélaga sem eiga aðild að sjóðnum samkvæmt heimild í 2. mgr. 14. gr., enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Uppgjör þetta skal miða við tryggingafræðilegt mat á framtíðarskuldbindingunum miðað við uppgjörstag. Launagreiðandi, sem gerir upp framtíðarskuldbindingar sínar samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins skv. 1. mgr. vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjorið tekur til.

Sjóðnum er heimilt að taka við sérstöku iðgjaldi sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur, sem greiða til sjóðsins, ákveða að greiða sem hluta af endurgreiðslu sinni skv. 1. mgr. Iðgjald þetta skal ákveðið þannig að það ásamt iðgjaldi til sjóðsins skv. 1. og 3. mgr. 7. gr. sé jafnhátt og iðgjald til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eins og það er ákveðið skv. 4. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997, sbr. og ákvæði til bráðabirgða II í þeim lögum. Tekjur sjóðsins af sérstöku iðgjaldi ár hvert skulu dragast frá endurgreiðslum launagreiðenda vegna hækkana á lífeyri á sama ári skv. 1. mgr. eða óuppgerðum skuldbindingum þeirra vegna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 20. desember 1997.*